

Fundargerð: Foreldrafélag Huldubergs

7. nóvember 2017

Kl. 20:00

Hulduberg

Fundarmenn Guðrún Víktorsdóttir (GV), aðstoðarleikskólastjóri, Guðrún Kristinsdóttir (GK - barn: Davíð Fannar), Steinunn (SDS - barn: Salvar Steinn), Eva Dögg (EDI - barn: Katrín Eva), Ólafur (ÓG – barn Þorey), Hjörleifur (H – barn Karen Mist), Ingibjörg (ILZ – barn Viktor Myrkvi) og Stefan Johannes van Nierop (SJ – barn: Katla Mist).

Fundarmenn sem ekki gátu mætt:

Björk Guðjónsdóttir (BG - barn: Brynja Dís), Waleska Giraldo (WG – barn: Elísabet Rós), Dóra Ásgeirsdóttir (DÁ – barn: Kári Svarvarsson), Svava Kristín (SK – barn: Sveinbjörn Loki), Jóna Lind (LJ – barn: Ragnar Óli), Paulina Garcia Romero (PGR – barn: Leia Sif),

Umræður:

Næsta uppákoma fyrir börnin verður sýningin Íslenski flínn sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu við góðan orðstír. Bernd Ogrodnik sér um sýninguna og hefur koma hans í leikskólann notið mikilla vinsælda. Sýningin verður 15. nóvember nk. og er hún ca 45 mínútur. Foreldrafélagið greiðir fyrir sýninguna.

Ákveðið var, líkt og á síðasta ári, að halda ekki aðventustund.

Jólaball verður haldið 14.12 nk. og hefst það kl. 10:15. Um kl. 10.30 kíkir jólasveinn í heimsókn en foreldrafélagið stendur straum af kostnaði sem af því hlíts. Einnig mun Helgi gáttarleikar með meiru líta við og taka lagið með börnunum og jólasveininum.

Ákveðið var, ef fjárhagur leyfir, að gefa starfsmönnum „gourmet“ körfu um jólin. Þetta hefur verið gert síðastliðin ár.

Rætt var um fjármál og ákveðið að biðja gjaldkerann um að senda foreldrafélaginu hvernig fjármálin standa og meta í framhaldi hvort þurfi að ýta eftir greiðslu félagsgjalda hjá foreldrum.

Aðgerð: Senda póst til foreldra ef þurfa þykir.

Brúðusýning í febrúar/mars. Rætt var um að fá sýninguna um Einar Áskell fyrir börnin í febrúar/mars.

Aðgerð:GV mun hafa samband við Bernd Ofrodnik um kostnað og lausar dagsetningar.

Vorhátíð: Sveitaferð eða íþróttadagur? Rætt var um þau flækjustig sem sveitaferð hefur í för með sér þar sem tvær yngri deildir eru á leikskólanum. Þá var sérstaklega rætt um vöntun á þriggja punkta öryggisbeltum í rútum en þau eru nauðsynleg fyrir börn sem eiga að vera í bílstól. Kom fram hugmynd um að halda íþróttadag í stað sveitaferðar og var þeirri hugmynd vel tekið. Rætt var um að hafa íþróttadaginn frá kl. 15-17 á útisvæði Huldubergs. Unnið verður að frekari útfærslu.

Aðgerð: ILZ athuga með kostnað við að panta hoppkastala fyrir daginn.

Foreldrar beðnir um að koma með uppástungu fyrir vorhátíðina.

Aðgerð: Senda póst til foreldra og fara yfir starfið og minna á greiðsluseðilinn. Einnig biðja foreldra um að koma með tómar skyrdrósir, krukkur, efnisbúta, tölur og aðra „óverðmæta“ hluti sem börnin geta notað í jólaöndrinu.

Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur félagsins yrði haldinn í **Huldubergi miðvikudaginn 6.febrúar nk kl. 20:00**. Hefur verið boðað til fundarins en formaður mun senda áminningu þegar nær dregur.